

Fundargerð stjórnar Fíh

1. fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2021 – 2022 mánudaginn 31. maí kl. 9:30-11:45

Mættir: Anna Kristín B. Jóhannesdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir og Hulda Björg Óladóttir.

Fjarverandi: Ásdís M. Finnbogadóttir.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt af fyrri stjórnarmeðlimum á Teams.

Til kynningar:

2. Þóknun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórn Fíh.

Formaður fór yfir þóknanir og þann texta sem þær eru á skv. Samþykkt aðalfundar síðastliðið vor. Umræður.

Til umræðu:

3. Kosning varaformanns Fíh, gjaldkera og ritara stjórnar

Halla Eiríksdóttir býður sig fram sem varaformann Fíh.

Hulda Björg Óladóttir býður sig fram sem gjaldkera Fíh.

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir býður sig fram sem ritara stjórnar Fíh.

Afgreiðsla: Engin mótframboð komu fram og voru þau því sjálfkjörin.

4. Fundaáætlun stjórnar og ákvörðun um aðalfund 2023.

Formaður fór yfir tillögu af fundatímum út starfsárið, með fyrirvara um breytingar. Lagt er upp með blöndu af Teams fundum og fundum í húsakynnum félagsins á Suðurlandsbrauti. Umræður. Formaður leggur einnig til að aðalfundur Fíh verði haldinn 11. maí að ári.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir fundarröðun og að næsti aðalfundur verði þann 11. maí 2022.

5. Helstu áherslur í starfi Fíh 2022-2023.

Starfsáætlun stjórnar liggur fyrir. Vinna þarf að forgangsriðun verkefna úr henni. Umræður.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að formaður og varaformaður taki að sér að skoða starfsáætlun og leggja upp fyrir starfsárið.

Önnur mál:

6. Starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga – staðan í dag

Umræður um stöðu hjúkrunarfræðinga í heilbrigðiskerfinu í dag. Rætt um ástand starfsumhverfis m.a. út frá álagi í starfi, undirmönnun o.fl. Skýr skilaboð frá stéttinni um að lengur verði ekki unað við núverandi ástand. Umræður

Afgreiðsla: Stjórn lýsir áhyggjum yfir stöðunni eins og hún lítur út í dag í vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga. Ljóst að síðustu 2 ár sem hafa helgast af COVID-19 hafa fært okkur nær þolmörkum hjúkrunarfræðinga fyrir núverandi stöðu og spurning um ábyrgðarhlutverk hjúkrunarfræðinga á veittri þjónustu í ljósi ófullnægjandi starfsumhverfis..

Fleira ekki gert og fundi slitið 12:00.

Næsti fundur stjórnar Fíh er áætlaður þann 31. ágúst 2022.

Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh.